

Persónuverndarstefna

1. Inngangur

Reykjastræti ehf. (hér eftir nefnt “**félagið**”) er ábyrgðaraðili fyrir vinnslu persónuupplýsinga um viðskiptavini og leggur áherslu á persónuvernd viðskiptavina sinna og þeirra sem eiga samskipti við félagið í þeim tilgangi að standa vörð um öryggi og friðhelgi einkalífs þeirra.

Persónuverndarstefna þessi lýsir vinnslu persónuupplýsinga í allri starfsemi félagsins, m.a. allra einstaklinga og félaga sem eru í viðskiptum við félagið og í hvaða tilgangi þeirra er aflað. Stefnan gildir um félagið sem og dótturfélög og önnur tengd félög innan samstæðu félagsins; Arcus fasteignir ehf., DCP ehf., Elliðaárdalur ehf., Hafnartorg Parking ehf., Kolagata ehf., Reys 2 ehf. og Reys 3 ehf.

Markmið stefnunnar er að taka saman heildstætt yfirlit yfir þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur með ásamt því að upplýsa viðskiptavini, starfsfólk og aðra um hvernig félagið fer með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að treysta fylgni við lög og reglur.

2. Til hverra nær persónuverndarstefnan?

Stefnu þessari er ætlað að stuðla að því að vinnsla félagsins á persónuupplýsingum m.a. fyrrverandi, núverandi og verðandi leigutökum, ábyrgðarmönnum, stjórnarmönnum, birgjum, verktökum, þjónustuaðilum og umsækjendum um störf, sé í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Stefnan nær einnig til annarra einstaklinga en leigutaka t.d. lögaðila tengdum þeim.

3. Tilgangur vinnslu

Félagið vinnur persónuupplýsingar um leigutaka og tengiliði þeirra þegar um lögaðila er að ræða, ábyrgðarmenn, hluthafa, umsækjendur um störf og einstaklinga sem eru viðskiptavinir, birgjar eða eru af öðrum ástæðum í samskiptum við félagið, s.s. þeir sem senda félaginu fyrirspurnir vegna eigna eða starfa (hér eftir sameiginlega vísað til „**skráðra einstaklinga**“).

Vinnsla persónuupplýsinga er misjöfn eftir eðli sambands skráðs einstaklings við félagið. Í grein 3.1-3.7. í stefnu þessari kemur fram hvernig vinnslu persónuupplýsinga er háttað eftir mismunandi flokkum skráðra einstaklinga og í grein 3.7. er auk þess kveðið á um tilgang vinnslu sem kann að eiga við um alla þá skráðu einstaklinga sem félagið vinnur persónuupplýsingar um.

Félagið telur mikilvægt að upplýsingar um skráða einstaklinga séu ávallt sem réttastar. Því er óskað eftir að þeir upplýsi um tengilið sinn og tengiliðaupplýsingar, t.d. símanúmer, netfang eða aðrar upplýsingar sem og allar breytingar sem kunna að verða á tengiliðaupplýsingum.



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

- 3.1. Leigutakar.** Í starfsemi félagsins er unnið með persónuupplýsingar leigutaka til þess að:
- auðkenna einstaklinga, sem eru leigutakar sjálfir eða tengdir lögaðila sem leigja af félagini;
 - gera samninga við þá og gera félagini kleift að veita þjónustu og sinna samningaskyldum sínum;
 - meta greiðslugetu og innheimta kröfur á hendur leigutökum; og
 - tryggja réttarvernd hagsmuna félagsins, s.s. með þinglýsingu réttinda.
- 3.2. Ábyrgðarmenn.** Í starfsemi félagsins er unnið með persónuupplýsingar ábyrgðarmanna til þess að:
- auðkenna einstaklinga, sem eru ábyrgðarmenn sjálfir eða tengiliðir lögaðila sem gengist hafa í ábyrgð gagnvart félagini, svo hægt sé að hafa samband við þá;
 - meta greiðslugetu og innheimta kröfur á hendur ábyrgðamönnum; og
 - tryggja fjárhagslega hagsmuni félagsins s.s. með móttöku tryggingaskjala og þinglýsingu réttinda.
- 3.3. Birgjar, þjónustuaðilar og verktakar.** Í starfsemi félagsins er unnið með persónuupplýsingar birgja, þjónustuaðila og verktaka til þess að gera samninga og uppfylla samningsskyldur.
- 3.4. Fyrirspyrjendur.** Í starfsemi félagsins er unnið með persónuupplýsingar fyrirspyrjenda um eignir til leigu til þess að:
- auðkenna fyrirspyrjendur svo hægt sé að hafa samband við þá og;
 - kanna feril fyrirspyrjenda og meta hæfi þeirra m.a. með áreiðanleikakönnun,
- Stofnist ekki til viðskiptasambands eru slíkar upplýsingar ekki varðveittar.
- 3.5. Umsækjendur.** Í starfsemi félagsins er unnið með persónuupplýsingar umsækjenda um störf til þess að:
- auðkenna umsækjendur svo hægt sé að hafa samband við þá;;
 - kanna starfs- og námsferil umsækjenda og meta hæfi þeirra; og
 - meta niðurstöður úr ráðningarárviðtolum.
- 3.6. Börn.** Félagið óskar aldrei eftir því að einstaklingar undir 16 ára veiti félagini persónuupplýsingar. Ef félagið kemst að raun um að það hafi safnað persónuupplýsingum frá barni undir 16 ára aldri mun félagið grípa til aðgerða í því skyni að eyða þeim upplýsingum eins fljótt og auðið er.
- 3.7. Annað.** Í starfsemi félagsins er m.a. unnið með persónuupplýsingar framangreindra skráðra einstaklinga og annarra til þess að:
- hafa umsjón með aðgengi að eignum;
 - koma í veg fyrir þjófnað og tryggja öryggi fólks og eigna, s.s. með eftirlitsmyndavélum og öryggiskerfum;



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

- III. gera greiningar í viðskiptalegum tilangi og í tengslum við viðskiptaþróun;
- IV. leggja mat á ástand fasteigna, s.s. í tengslum við framkvæmd ástandsskoðunar; og
- V. viðhalda skyldum sínum samkvæmt lögum.

4. Miðlun upplýsinga til þriðju aðila

Félagið mun ekki selja eða leigja persónuupplýsingar til þriðja aðila. Persónuupplýsingar verða ekki afhentar þriðja aðila nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, vinnslusamnings eða með upplýstu samþykki viðskiptavinar.

Félagið er tilkynningarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ásamt reglugerðum sem settar hafa verið. Á þeim grunni ber féluginu að safna upplýsingum um viðskiptavini sína, þar á meðal að framkvæma áreiðanleikakannanir á þeim. Slíkar upplýsingar ber féluginu að geyma í að lágmarki 5 ár frá því að viðskiptasambandi lýkur. Kunna því að koma upp tilvik þar sem féluginu ber lagaleg skylda til að koma persónugreinanlegum upplýsingum um viðskiptamann til eftirlitsaðila.

Meðal gagna sem Reykjastræti ehf. kann að afla með vísan í framangreint eru:

Í tilviki einstaklinga:

- upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili;
- símanúmer og netfang;
- afrit af gildum persónuskilríkjum; og
- upplýsingar um uppruna fjármuna.

Í tilviki lögaðila:

- upplýsingar um þann aðila sem fer með heimild til skuldbindingar á lögaðila, s.s. nafn, símanúmer og netfang;
- afrit af gildum persónuskilríkjum þess aðila sem skuldbindur lögaðila;
- upplýsingar um raunverulega eigendur lögaðila;
- upplýsingar um tilgang viðskipta;
- upplýsingar um uppruna fjármuna; og
- upplýsingar um hvort stjórnendur eða raunverulegir eigendur séu einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálatengsla.

Í því skyni að uppfylla skyldur viðskiptasbands kann að vera nauðsynlegt að miðla persónugreinanlegum upplýsingum um þig til þriðju aðila. Slíkir aðilar geta verið ábyrgðaraðilar eða



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

vinnsluaðilar eftir atvikum en í slíkum tilvikum eru sett skilyrði um meðferð og öryggi gagna, og er þriðja aðili einnig bundinn trúnaði. Helstu dæmi um slíka aðila eru:

- I. samstarfsaðilar, meðal annars vegna reikningagerðar, t.d. rekstrarfélög fasteigna félagsins;
- II. ráðgjafar félagsins m.a. lögmenn og endurskoðendur; og
- III. innheimtufyrirtæki og bankar.

Félagið miðlar gögnum einungis að því marki sem nauðsynlegt er og heimilar ekki önnur not þeirra.

5. Varðveislutími persónuupplýsinga

Stefna félagsins er að geyma og vinna með eins takmarkaðar persónugreinanlegar upplýsingar og hægt er og einungis þannig hægt sé að veita umbeðna þjónustu hverju sinni.

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan á viðskiptasambandi stendur og eftir það eins lengi og þarf til þess að uppfylla lagalegar skyldur félagsins. Ýmis lög mæla fyrir um varðveislutíma gagna t.d. lög um bókhald, lög um markaði með fjármálagerninga og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Einnig kunna að koma upp aðstæður sem krefjast þess að félagið varðveiti persónuupplýsingar t.d. þegar þess er þörf til þess að verjast réttarkröfum, félagini ber skylda til þess samkvæmt dómsúrskurði eða vegna rannsóknar lögreglu eða eftirlitsyfirvalda.

Félagið leitast við að varðveita ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er eða lög kveða á um. Upplýsingar frá umsækjendum um störf eru varðveittar að hámarki í 6 mánuði nema umsækjandi hafi sérstaklega samþykkt lengri varðveislutíma. Umsækjandi getur hvenær sem er óskað eftir að gögnum sínum sé eytt.

6. Öryggi persónuupplýsinga

Félagið hefur innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir í því skyni að hindra að persónuupplýsingar glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Aðgangur að upplýsingunum er auk þess takmarkaður við þá aðila sem nauðsynlega þurfa slíkan aðgang til að ná fram tilgangi vinnslunnar. Þeir aðilar eru upplýstir og meðvitaðir um skyldu þeirra til að viðhalda trúnaði og öryggi persónuupplýsinga sem þeir hafa aðgang að.

Ef upp kemur öryggisbrestur vegna meðhöndlunar persónuupplýsinga sem varðar við lög mun félagið tilkynna slíkt til Persónuverndar og eftir atvikum til skráðra einstaklinga.

Teljir þú að samskipti þín við félagið séu ekki örugg, biður félagið þig um að láta félagið umsvifalaust vita um vandamálið með því að senda póst á netfangið skjol@reykjastraeti.is.

7. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

Vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg t.d. til þess að uppfylla samningaskyldur á milli félagsins og skráðra einstaklinga. Samkvæmt íslenskum lögum hefur félagið heimild til að vinna persónuupplýsingar að því gefnu að slík vinnsla byggist á ákvæðum laganna. Jafnframt ber féluginu að upplýsa þig um grundvöll vinnslunnar. Þegar við vinnum með þínar persónuupplýsingar munum við byggja á einni eftirtalinna vinnsluheimilda:

- Byggt á samningi: Þegar vinnsla persónuupplýsinga er nauðsynleg til að uppfylla skyldur okkar samkvæmt samningi.
- Lagaleg skylda: Þegar vinnsla persónuupplýsinga þinna er nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu, t.d. að halda skrár í skattalegum tilgangi eða upplýsingagjöf til opinberra aðila eða eftirlitsstjórnvalda.
- Lögmætir hagsmunir: Við munum vinna með upplýsingar um þig þegar það er í þágu lögmætra hagsmuna félagsins, nema gagnstæðir hagsmunir þínir vegi þyngra.

Dæmi um „lögmæta hagsmuni“ sem vitnað er til hér að ofan eru:

- að koma í veg fyrir svik eða refsivert athæfi og til að standa vörð um öryggi upplýsingatæknikerfa okkar;
- að aðlaga upplifun notenda á vefsþæði og til að bæta notkunarmöguleika og skilvirkni vefsþæðis félagsins;
- að stunda markaðssetningu og greiningu á henni;
- að uppfylla viðskiptalegar og samfélagslegar skyldur félagsins; og
- að nýta stjórnarskrárvarin réttindi félagsins, þ.m.t. eignarrétt og réttinn til að stunda atvinnustarfsemi;

Í einhverjum tilvikum munu þær persónuupplýsingar sem við söfnum einnig innihalda sérstaka flokka persónuupplýsinga, t.d. upplýsingar um samfélagslega fjölbreytni, upplýsingar um þjóðerni eða stéttarfélagsaðild, heilsufarslegar upplýsingar eða upplýsingar um meint eða sönnuð refsilagabrot. Slíkum upplýsingum er aðeins safnað að því marki sem heimilað er í lögum.

8. Vefkökur

Persónuupplýsinga er ekki krafist við skoðun á vefsþæði félagsins.

Vefsþæði félagsins notar vefkökur og aðrar tæknilegar lausnir til sjálfvirkrar, rafrænnar söfnunar á upplýsingum til gagnagreininga stjórna vefsíðu, rekja skoðun notenda á vefsíðu og til þess að safna lýðfræðilegum upplýsingum í heild sinni.

9. Rafræn vöktun

Persónuverndarstefna



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG

Rafræn vöktun fer fram með eftirlitsmyndavélum við og í eignum félagsins í öryggis- og eignavörsluskyni. Gert er sérstaklega viðvart um vöktunina með þar til gerðum merkingum eða á annan áberandi hátt. Öll notkun eftirlitsmyndavéla skal samræmast tilmælum Persónuverndar, ákvæðum persónuverndarlaga og reglna settra samkvæmt þeim.

Myndefni skal aðeins skoða ef nauðsynlegt þykir vegna sérstaks tilefnis og eingöngu af þeim sem hafa heimild til þess. Þá skulu upplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun almennt ekki geymdar lengur en í 30 daga nema sérstakar ástæður krefjist þess, t.d. vegna rannsóknar á eignaspjöllum .

10. Réttur skráðra einstaklinga

Skráður einstaklingur hefur rétt til að andmæla söfnun félagsins á persónuupplýsingum telji hann að hún samræmist ekki tilgangi hennar, meðalhófs sé ekki gætt eða ef hann telur að ná megi sama tilgangi með vægari hætti.

Ef skráður einstaklingur hefur spurningar eða athugasemdir fram að færa varðandi persónuverndaryfirlýsingu þessa eða meðferð félagsins á persónuupplýsingum getur sá haft samband við félagið með tölvupósti á skjol@reykjastraeti.is.

Ef þú telur þig ekki fá úrlausn þinna mála hjá féluginu er þér ávallt heimilt að beina kvörtun til Persónuverndar.

11. Breytingar

Stefna þessi var síðast uppfærð þann 13.06.2024.

Persónuverndarstefna félagsins er uppfærð reglulega og við ráðleggjum gestum okkar að kynna sér slíkar breytingar.

Félagið áskilur sér rétt til að breyta persónuverndarstefnu þessari hvenær sem er, s.s. ef vinnsla persónuupplýsinga hjá féluginu breytist eða vegna breytinga á lögum og reglum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Breytingar taka gildi við birtingu uppfærðra upplýsinga um meðferð persónuupplýsinga.